

## KJÖRVARI 20

### Lýsing

#### Gerð:

KJÖRVARI 20 er vatnspynnaleg, hyljandi viðarvörn, sem ver viðinn niðurbroti af völdum sólarljóss. KJÖRVARI 20 er gerður úr ljósheldum litarefnum, öflugum fúa- og rotvarnarefnum, blöndu af feitu alkýði og 100% akrýlemúlsjón, sem gefur teygjanlega filmu, án þess að viðarmynstur glatist. KJÖRVARI 20 hefur frábært vatns- og veðrunarþol og hleypir raka úr viðnum auðveldlega gegnum sig.



#### Notkunarsvið:

KJÖRVARI 20 er ætlaður á hvers konar við utanhúss. Langbest viðarvörn fæst, ef viðurinn er málaður algjörlega óveðraður. Jafnan skal grunna viðinn með glærum KJÖRVARA 14 og mála svo tvær umferðir með KJÖRVARA 20.

#### Litir:

KJÖRVARI 20 er framleiddur í nokkrum STAÐALLITUM og að auki er boðið upp á mikinn fjölda lita með litun á stofnum.

#### Áferð:

Hálfgljáandi.

### Leiðbeiningar:

#### Málun:

Með pensli, rúllu eða sprautu.

#### Varúðarflokkur:

0 - 1.

#### Þynnir:

Vatn, ef þörf krefur, hámark 10%.

#### Hreinsun áhald:

Með vægu sápuvatni, strax eftir notkun.

### Eðliseiginleikar

#### Purrktími:

Um 1 klst. við 20°C.

#### Yfirmálun:

Eftir 5-7 klst.

#### Þykkt (flæðiseigja):

Um 80 KU (25°C).

#### Eðlismassi:

Um 1,05 g/ml (25°C), breytilegt eftir lit.

#### Þurrefni:

Um 38% af massa eða um 33% af rúmmáli (reiknað).

#### Efnisnotkun:

Um 0,10-0,20 l/m<sup>2</sup> í umferð á óheflaðan við, samsvarar um 33-65 µm meðalþurrfilmþykkt. Um 0,07-0,10 l/m<sup>2</sup> í umferð á heflaðan við, samsvarar um 23-33 µm meðalþurrfilmþykkt.

#### Hitastig við málun:

Minnst 5°C við flötinn.

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund. Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa, þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.

